



**Fellsmúlaprestakall
Halldóra J. Þorvarðardóttir,
sóknarprestur**

Fellsmúla 18. mars 2015.

Til
Sveitarstjórnar Rangárþings ytra,
850 Hellu.

Efni: Niðurfelling á leigu á sal.

Ég, undirrituð, þakka allan veittan stuðning sveitarfélagsins við kirkjulegt starf um farinn veg, bæði á sviði æskulýðsmála og eldri borgararstarfs.

Sóknir Fellsmúlaprestakalls hafa ekki á að skipa nægilega stóru húsrými þegar verið er að bjóða til stærri samsæta í tengslum kirkjulegar hátíðir s.s. á uppstigningadag sem er dagur eldri borgara og hefur um lang árabil verið haldinn hátíðlegur í Rangárvallasýslu og hafa prestaköllin skiptst á að sjá um þá hátíð.

Afnot af aðstöðu á Laugalandi hefur ævinlega verið velkomin og kirkjunni að kostnaðarlausu og verður slíkt seint fullþakkað.

Hátíð eldri borgara verður í ár haldinn í Kálfholtskirkju og síðan boðið til samsætis að Laugalandi á uppstigningardag, fimmtudaginn 14. maí nk. og fer undirrituð vinsamlegast fram á að leiga fyrir afnot salarins verði felld niður.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Halldóra J. Þorvarðardóttir".

Halldóra J. Þorvarðardóttir,
sóknarprestur